

Fundur í fjallskilastjórn Víðdælinga haldinn 7. Ágúst 2014 kl. 10:00

Formaður setti fund og stjórnaði, Júlíus Guðni Antonsson skrifaði fundargerð.

1. Álagning fjallskila haustið 2014

Framtalið fjallskilaskyldt búfé 2014

Sauðfé	5747	5747 einingar
Hross	897	5382 einingar
Samtals		11.129 einingar

Lagt á einingu kr. 300 og er álagning á landverð 4% af fasteignamati lands.

30% afsláttur af hrossum sem ekki ganga á afrétti.

Dagsverk hækka úr kr. 11.000,- í kr. 13.000,- auk þess sem ekki mun verða innheimtur fæðiskostnaður heldur falli hann á fjallskilasjóð og skýrir það að hluta mikla hækkun fjallskila á milli ára.

Göngur hefjist mánudaginn 1. September 2014 en í undanreið fari nú aðeins 12 menn í stað 16 áður. Í seinni göngur fari 8 menn laugardaginn 13. September 2014.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:00

Júlíus Guðni Antonsson

Sigtryggur Sigurvaldason
Maríanna Eva Ragnarsdóttir